



# Efnisyfirlit

Inngangur .....	1
Leikskólinn Klappir.....	2
Hlutverk Klappa.....	3
Hugmyndafræði og áherslur skólans .....	6
Starfshættir Klappa.....	16
Stoðþjónusta í Klöppum.....	20
Farsæld barna.....	21
Íslenska sem annað tungumál.....	22
Foreldrasamstarf.....	23
Samstarf skólastiga.....	25
Mat á skólastarfi.....	27
Mannauður og forystusýn.....	28
Heimildaskrá.....	31
Fylgiskjöl.....	32



## Inngangur

Leikskólinn Klappir hóf starfsemi 6. september 2021. Með opnun Klappa lauk rekstri leikskólans Pálmholts í þáverandi mynd. Stór hluti starfsfólks Pálmholts hóf störf við Klappir og hafði sú reynsla áhrif á mótun starfshátta og hefða í nýja leikskólanum. Við gerð fyrstu skólanámskrár Klappa var höfð hliðsjón af skólanámskrá Pálmholts, sem starfsfólkið þekkti vel og hafði áður tekið þátt í að móta. Jafnframt var lögð áhersla á að þróa námskrána í samræmi við nýjar áherslur skólans.

Á skólaárinu 2024–2025 vann gæðaráð Klappa að endurskoðun skólanámskrárinnar í samstarfi við starfsfólk, foreldra og nemendur skólans. Við vinnuna var stuðst við Aðalnámskrá leikskóla, Menntastefnu Akureyrarbæjar og lög um leikskóla. Skólanámskráin mótar hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í skólastarfinu. Markvisst var leitað eftir sjónarmiðum barna um viðfangsefni í daglegu starfi og námskráin aðlöguð að breyttum áherslum, meðal annars vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi leikskóla og Grænfánaverkefnið. Skólanámskráin er lögð fram til kynningar og umsagnar í foreldraráði. Hún er lifandi plagg sem tekið er til endurmats ár hvert í samræmi við þróun skólastarfsins.

Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir hver leikskóli ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans.

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)



# Leikskólinn Klappir

“Það er hlutverk Akureyrarbæjar að vinna að velferð og framförum barna, tryggja þeim öruggt námsumhverfi og skapa góðar aðstæður fyrir skapandi og framsækið skólastarf. Allt skólastarf byggir á stefnu yfirvalda um menntun fyrir alla.”  
(Akureyrarbær, 2020)

Leikskólinn Klappir er 1.450 fermetrar að stærð og stendur á tveimur hæðum. Hann státar af góðu leiksvæði auk leiksvæðis á þaki, sem er að hluta yfirbyggt. Skólinn er sjö deilda og rúmar allt að 145 börn á aldrinum 1-6 ára og eru um 45 starfsmenn starfandi við skólann.

Á efri hæð skólans eru fimm deildir, kaffistofa, starfsmannaaðstaða, skrifstofur, sérkennslurými og samtalsherbergi. Á neðri hæðinni eru tvær deildir ásamt sal, eldhúsi og þvottahúsi.

Klappir starfar í umboði Akureyrarbæjar og heyrir undir fræðslu- og lýðheilsusvið sem annast yfirstjórn leikskólamála samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Stefnumótun í skólamálu er á ábyrgð fræðsluráðs í umboði bæjarstjórnar.

v/Höfðahlíð  
603 Akureyri  
Sími: 414-3160.

Netfang leikskólans: [klappir@akureyri.is](mailto:klappir@akureyri.is).

Heimasíða leikskólans: <http://klappir.karellen.is/> 2

# Hlutverk Klappa

Leikskólinn Klappir er uppeldis- og menntunarstofnun þar sem uppeldi, umönnun og menntun mynda órofa heild. Hlutverk Klappa er að efla alhliða þroska barna í nánu samstarfi við foreldra og skapa þeim umhverfi þar sem þau geta notið bernsku sinnar. Starfshættir Klappa endurspeglar leiðarljós Aðalnámskrár leikskóla, lög um leikskóla og menntastefnu Akureyrarbæjar. Lögð er áhersla á lýðræði, jafnrétti, mannréttindi, sjálfbærni, heilbrigði, velferð, stærðfræði og læsi.

Hlutverk Klappa er að byggja upp námsumhverfi sem er öruggt, fjölbreytt, örvandi og hvetjandi, þar sem leikur og skapandi starf eru meginleiðir barna til náms og þroska. Í því felst að efla félags- og tilfinningaþroska barna, sjálfstæði og ábyrgðarkennd, veita skipulega málörvun og hlúa að þeim andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins. Jafnframt er unnið að því að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar, meðal annars til að styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni í mannlegum samskiptum. Börnum er tryggð virk þátttaka í eigin námi og skólastarfi og lagður grunnur að því að þau verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Einnig er markvisst stuðlað að siðferðisvitund, virðingu fyrir mannréttindum og skilningi á fjölbreytileika, auk þess sem sjálfbærni og umhyggja fyrir náttúru og samfélagi eru höfð að leiðarljósi.



“Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga”

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011)



Klappir er **Réttindaskóli UNICEF**, **Heilsueflandi leikskóli**, **Grænfánaskóli** og vinnur með **SMT-skólafærni**; þessar áherslur endurspeglar hlutverk skólans sem varðar réttindi barna, heilsu og vellíðan, sjálfbærni og jákvætt og félagslega örvandi námsumhverfi.

Einkunnarorð Klappa – **Gleði, Traust og Virðing** – mynda rauðan þráð í allri starfsemi skólans. Þau eru leiðarljós í samskiptum, leik og námi og móta þá menningu sem við viljum rækta.



RÉTTINDA  
SKÓLI





# Sjónarhorn barna í Klöppum

---

Af hverju fara börn í leikskóla:

- Út af því að þau á að vera í leikskólanum, út af því að þau má ekki sleppa út af leikskólanum
- Af því mamma og pabbi fara í vinnuna
- Út af því, þau langar ekki að vera heima
- Út af því að litlir krakkar fara í leikskóla til að læra að vera í skóla
- Út af þau eru bara fjögurra ára
- Ég veit ekki...get ekki talað svona
- Af því ég er stór stelpa
- Af því ég vildi það bara
- Til að læra

# Hugmyndafræði og áherslur skólans



## Leikur

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfs og lykillinn að námi og þroska barna þar sem þau leiða eigin lærdómsferli. Í leiknum fléttast saman námssvið leikskólans og grunnþættir menntunar. Í leik fá börn tækifæri til að prófa hugmyndir, öðlast þekkingu, þróa félagsfærni og byggja upp trú á eigin getu. Hann kallar á notkun tungumáls og hreyfingar, styrkir samskipti og tilfinningatengsl og gefur börnum færi á að takast á við áskoranir, setja sig í spor annarra og vinna úr reynslu sinni á skapandi hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011).

Í Klöppum er gætt að því að í dagskipulagi skólans sé svigrúm og samfelldur tími fyrir leik og að hann sé á forsendum barnanna. Reglulega er unnið þvert á deildir og aldurshópum blandað saman til að efla félagsfærni, samvinnu og vináttu. Með fjölbreyttum efnivið og að miklu leyti opnum efnivið er leitast við að ýta undir samþættingu námssviða. Lögð er áhersla á sjálfsprottinn leik, samanber hlutverkaleik og byggingaleik, og opinn efnivið sem hvetur börnin til að nota ímyndunarafl sitt, frumkvæði og sköpunarkraft.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989) eiga börn rétt á að fá tækifæri til leiks og skapandi tjáningar. Leikurinn er þannig ekki aðeins leið til náms heldur einnig ófrávíkjanlegur réttur barna sem styður við þroska þeirra og vellíðan.

# Grunnpættir menntunnar




Grunnpættir menntunar eru leiðarljós í öllu skólastarfi og snúa að því hvernig börn læra að lifa og þroskast í samfélagi með öðrum. Þeir fela í sér hæfni til að skilja og túlka umhverfi sitt, samfélag, menningu og náttúru og að taka virkan þátt í þeim heimi sem þau eru hluti af. Grunnþættir menntunar eru sex talsins: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023).

„Í leiknum fléttast saman námssvið leikskólans og grunnþættir menntunar á náttúrulegan og merkingarþæran hátt. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og lykillinn að námi og þroska barna.“  
(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023)

# Heilbrigði og vellíðan

Klappir er Heilsueflandi leikskóli og tekur þátt í verkefni Embættis landlæknis sem miðar að því að gera heilsueflingu að sjálfsögðum hluta af daglegu starfi leikskóla. Skólinn leggur áherslu á að vinna með níu lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, farsæld, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.



Í Klöppum er lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu, bæði úti og inni. Hreyfing stuðlar að vellíðan, gleði og ánægju og hefur jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Lögð er áhersla á hollan og næringarríkan mat og að sneiða hjá viðbættum sykri. Við skipulagningu starfs er hugað að andlegri heilsu barna og öryggi þeirra. Fræðsla til foreldra er varðar heilbrigði og vellíðan er fastur liður í upplýsingagjöf til foreldra.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmýnd þess, hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Börnum er kynntur réttur sinn til ákvarðanatöku í eigin lífi og félags- og tilfinningaþroski þeirra eflur. Nemendur fá markvissa þjálfun í góðum samskiptum í gegnum leikinn og ýmislegt námsefni sem ýtir undir góð félagsleg tengsl.

Í Klöppum:

- Er hugað að andlegum og líkamlegum þörfum. Kennarar og starfsfólk eru góðar fyrirmyndir og sýna öllum virðingu, skilning og áhuga.
- Er lögð áhersla á sjálfshjálp í öllu daglegu starfi.
- Er boðið upp á fjölbreytta og holla næringu út frá sameiginlegum matseðlum Akureyrarbæjar þar sem farið er eftir ráðleggingum frá Embætti landlæknis.
- Eru morgunverður og síðdegishressing barnastýrð. Þar hafa börn aukna möguleika til að velja hvenær þau borða innan ákveðins tímaramma, ákveða hvað þau borða og hversu mikið, hvar þau sitja, með hverjum og hversu lengi þau dvelja við máltíðina
- Er lögð áhersla á fjölbreytta hreyfingu ásamt ögrandi og krefjandi útivist.
- Eru hvíldarstundir í hádeginu í samræmi við 31.grein Barnasáttmálans þar sem lögð er áhersla á rétt barna til hvíldar.
- Er lögð áhersla á að efla tilfinningaþroska með kennsluefninu Vinátta á vegum Barnaheilla sem ýtir undir jákvæð samskipti og góð félagsleg tengsl nemenda.
- Er forvarnarverkefnið Vinátta nýtt til að stuðla að góðum samskiptum.
- Er fræðsla er varðar lykilþætti heilsueflingar send á foreldra með reglubundnum hætti.



# Sjónarhorn barna í Klöppum

---

Hvað finnst þér þú geta gert vel í leikskólanum:

- Mömmó, gefa knús og borða kjúkling með papriku og hrísgrjónum
- Að leika saman og byggja hús úr legóinu
- Að leika inni og úti og í „Út út allir mínir fiskar“ í íþróttasalnum
- Byggja risastóran turn í einingakubbum og í frjálsum leik í íþróttasalnum
- Gera stafi og lita kisu
- Mömmó og leika. Ég er líka góð í risaeðluleik, kanínuleik og klippa
- Góð að gera kisu, ský, regnboga og alla stafina
- Hjálpa öðrum að leika við hina
- Góður vinur

“Meginmarkmið læsis er að  
nemendur séu virkir  
þátttakendur í að umskapa og  
umskrifa heiminn með því að  
skapa eigin merkingu og  
bregðast á persónulegan og  
skapandi hátt við því sem þeir  
lesa með hjálp þeirra miðla og  
tækni sem völ er á.”

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023)



## Læsi og samskipti

Til að auka félagsfærni og styrkja sjálfsmynd barna fá nemendur fjölbreytt tækifæri til samskipta í gegnum leik og starf. Auk þess að nota tungumálið nota nemendur hljóð, snertingu, látbragð, leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Læsi felur í sér þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá sig á fjölbreyttan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023).

- Unnið er markvisst með málörvun, hljóðkerfisvitund og tjáningu barna í gegnum leik og daglegt starf, þar sem grunnur er lagður að þróun læsis.
- Unnið er með jákvæð samskipti í litlum hópum þar sem kennarinn er fyrirmynd í framkomu, hvetur og veitir hrós.
- Allir nemendur leikskólans fá markvissa kennslu með efninu Vinátta sem er eineltisforvarnarverkefni og eflir jafnframt tilfinningaþroska og samskipti nemenda.
- Haldið er Barnaþing þar sem löggð er áhersla á samskipti, virka hlustun og að efla meðvitund barna um rétt sinn til að láta í ljós skoðanir um málefni sem þau varða, í samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar fá börnin jafnframt tækifæri til að setja eigin mál á dagskrá og taka þátt í umræðum um þau.
- Ritmál er sýnilegt í umhverfinu þannig að börn kynnist tungumálinu sjónrænt.
- Mikið er lagt upp úr því að lesa fyrir nemendur margs konar sögur, ljóð og þulur. Leikið er með stafi og orð útskýrð jafnóðum.
- Unnið er með efnið Lubbi finnur málbein en efnið byggir á fræðilegum grunni um hljóðkerfisvitund og er ætlað að efla málskilning og læsi nemenda.
- Unnið er að ýmsum læsis tengdum verkefnum sem krefjast samstarfs heimilis og skóla svo sem þegar Lubbi heimsækir heimili yngri barna eða með verkefnum sem styðja við frásagnarhæfni barna og hvetja þau til að miðla því sem þau hafa upplifað að heiman. Einnig er nemendum alltaf velkomið að koma með bækur að heiman.
- Kennarinn skapar tíma og aðstæður svo nemendur fái tækifæri til að tjá sig.
- Á hverri deild eru læsishvetjandi verkefni sem nýtt eru í leik og starfi. Þau eru fjölbreytt að innihaldi og aðlöguð þörfum hvers barns.
- Læsi er samofið öllu starfi leikskólans og birtist í leik, listsköpun og daglegum samskiptum.
- Starfið fer fram í samræmi við Læsisstefnu Klappa og Aðalnámskrá leikskóla. Læsisstefnu leikskólans má finna á heimasíðu Klappa.

# Sjálfbærni og vísindi

Með sjálfbærni og sjálfbærri þróun er átt við að við skilum umhverfinu í ekki síðra ástandi en við tökum við því. Til að það sé mögulegt leggur hver sitt af mörkum, því margt smátt gerir eitt stórt. Að börn geri sér grein fyrir áhrifum sínum á bæði náttúru og félagslegt umhverfi er lykilforsenda menntunar til sjálfbærni. Í Klöppum eru börnum kynntur fjölbreyttur efniviður og hugmyndir sem miða að því að kveikja áhuga á sjálfbærni, örva forvitni og hvetja til ígrundunar. Stuðlað er að vísindalegri hugsun með því að styðja börnin í að sjá tengsl, orsakir og afleiðingar hugmynda og hugtaka. Leikskólinn leggur jafnframt áherslu á að kenna virðingu fyrir umhverfinu og að gefa nemendum rými til að upplifa og njóta þess.

## Umhverfissáttmáli Klappa

Texti: Börnin

Lag: Helena Rán Krüger



Ekki henda rusli í sjóinn,  
við flokkum það.  
Ekki tín' öll laufin af trjánum,  
við erum góð við þau.

🎵 Jörðin er heimili okkar.  
Hún er heimili Íslands, Japans og Tene.

Við viljum gróðursetja tré  
og fá súrefni.  
Við viljum hafa jörðina  
sæta og fína.

🎵 Jörðin er heimili okkar.  
Hún er heimili dýra, blóma og trjáa.

Til að jörðin verði glöð  
þá þurfum við að brosa og knús'ana.  
Skulum líka hugg'ana,  
því jörðin er heimilið okkar.



Unnur Eyfjörð teiknaði Umhverfisálfa Klappa, sem heita Björk og Birkir. Þau gegna mikilvægu táknrænu hlutverki í umhverfisstefnu skólans með því að minna bæði börn og starfsfólk á að huga að náttúrunni og umhverfinu í daglegu lífi. Myndir af þeim eru meðal annars staðsettar við ljósarofa sem hvatning til að slökkva ljós og sem sjónræn áminning um ábyrgð okkar í umhverfismálum.

- Vettvangsferðir eru nýttar til að efla virðingu nemenda fyrir náttúru og umhverfi. Þar fá þau að upplifa, kanna, snerta, hlusta og horfa.
- Í vettvangsferðum kynnast nemendur hugtökum sem tengjast fjarlægðum, áttum og umhverfinu sem verið er að skoða.
- Lögð er áhersla á flokkun, endurnýtingu og fræðslu sem stuðlar að þekkingu á sjálfbærri þróun og hringrás náttúrunnar.
- Unnið er með verðlaust efni og efnivið úr náttúrunni til að auka skilning nemenda á auðlindum og nýtingu þeirra.
- Upplýsingar, tölur og tákn eru gerð sýnileg með myndrænum og skriflegum hætti.
- Nemendur læra um náttúruna með fræðslu, tilraunum og umræðum um eiginleika efna og hluta. Notast er meðal annars við vatn, loft og hita í tilraunum sem örva forvitni og skilning.
- Tæknibúnaður er nýttur til að kynna nemendum möguleika og takmarkanir tækninnar.






“Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum.”  
(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023)

## Sköpun og menning

Í skapandi starfi fá tilfinningar, ímyndun og hugmyndir nemenda að njóta sín. Kennarar og starfsfólk hvetja nemendur til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða með því að búa til rými og aðstæður fyrir sköpun og skynjun á þeirra eigin forsendum í námi og leik. Menning, lýðræði og skapandi vinna fléttast inn í allt starf leikskólans og leik nemenda.

- Nemendur fá næg tækifæri til sköpunar og tjáningar með fjölbreyttum efnivið, listformum og skapandi umhverfi. Sköpun er bæði ferli og afurð þar sem nemendur kanna, prófa og tjá hugmyndir sínar.
- Kennarar spyrja opinna og hvetjandi spurninga, hrósa og tryggja að verk nemenda séu sýnileg í umhverfi skólans.
- Nemendur hafa aðgang að fjölbreyttum efnivið og tæknibúnaði svo sem upptökutæki, spjaldtölvu og námsgögnum til forritunar.
- Í daglegu starfi er lögð áhersla á lestur, söng og munnlega arfleifð, svo sem þulur, ljóð, sögur og ævintýri. Nemendur eru jafnframt hvattir til að semja eigin sögur, ljóð og ævintýri. Með stuðningi tákna læra yngstu nemendurnir að fylgja texta.
- Farið er í vettvangsferðir til að kynnst fjölbreyttum listum og menningu. Í umræðum er fjallað um ólíka menningarheima og unnið með umhverfið til að kynnst okkar eigin.
- Nemendur taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með þátttöku í undirbúningi viðburða, svo sem Degi íslenskrar tungu, Degi leikskólans, þorrablóti, foreldrakaffi og öðru sem viðkemur leikskólanum.
- Árlega er haldin fjölmeningarvika þar sem unnið er með ólíka menningu og siði.
- Lögð er áhersla á að sköpun og menning styðji við sjálfsmynd barna, efla tjáningu þeirra og styrki félagsfærni í samvinnu og leik.

# Lýðræði og mannréttindi



Leikskólinn Klappir er Réttindaskóli UNICEF. Réttindaskólar byggja starf sitt á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og eru lykilhugtök hans, umhyggja, vernd og þátttaka. Sáttmálinn telur alls 54 greinar sem snúa allar að réttindum barna. Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnast sérstakrar verndar, að börn eru sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og að þeim sem koma að málefnum barna ber að framfylgja sáttmálanum (UNICEF Ísland, n.d.).

Barnasáttmálinn er notaður sem rauður þráður í gegnum starf Klappa. Markmið Klappa er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi þar sem grunnforsendur Barnasáttmálans eru hafðar að leiðarljósi við allar ákvarðanir skólans. Starf skólans miðar að því með markvissum hætti að nemendur verði gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi sem og að Barnasáttmálinn endurspeglist í samskiptum nemenda og kennara.

- Nemendur eru hvattir til að vera virkir þátttakendur í daglegu starfi leikskólans og axla ábyrgð í samræmi við aldur og þroska.
- Allir nemendur njóta jafnréttis og fá að njóta sín óháð kyni, menningu, trúarbrögðum eða öðrum aðstæðum. Fjölbreytileiki er metinn sem styrkur skólasamfélagsins.
- Nemendum gefst kostur á að kynnast menningu og listum í nærumhverfinu, svo sem á bókasafni og listasafni.
- Í Klöppum er lögð áhersla á að virðing sé borin fyrir tilfinningum annarra. Það felur í sér að nemendur læra að setja orð á eigin tilfinningar, hlusta á aðra og sýna samkennd. Starfsfólk leiðir með fyrirmyndum, styður börn í að setja mörk og finna lausnir þegar ágreiningur kemur upp.
- Nemendur fá svigrúm til að þroskast á eigin forsendum. Það felur í sér að verkefni og leikur eru útfærð með hliðsjón af áhuga, þörfum og þroskahræða hvers og eins, þannig að allir fái tækifæri til að vaxa og dafna í öruggu og hvetjandi umhverfi.
- Lögð er áhersla á að styðja áhugasvið nemenda og skapa tækifæri til að læra, spyrja, prófa og skapa.
- Öllum nemendum eru tryggð réttindi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og í samræmi við þroska og getu hvers og eins eru gerðar réttmætar og raunhæfar væntingar.
- Nemendur fá kost á að láta í ljós skoðanir sínar og taka þátt í ákvarðanatöku um eigið nám og starf í leikskólanum, í samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem kveðið er á um rétt barna til að tjá sig í öllum málum sem þau varða.

“Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk “  
(Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, 1989, 13. gr.)

13





# Sjónarhorn barna í Klöppum

---

Hvernig líður þér í leikskólanum:


- Það er gaman í leikskólanum og mér líður vel
- Gaman, þegar ég kem heim líður mér ekki illa og leik mér með vélmennið mitt
- Ég var að leika við krakkana
- Gaman, og líka í leikskólanum í kósýhorninu
- Vel, en ekki ef einhver er að stríða
- Líður vel, út af það er gaman
- Bara gaman

# Starfshættir Klappa

Í Klöppum er leikskóladagurinn skipulagður með hliðsjón af aldri, þroska og þörfum nemenda, samsetningu hópsins og dvalartíma. Reglulegt dagsskipulag og ákveðnar tímasetningar veita nemendum festu og öryggi, en á sama tíma tryggja þær nægan og samfelldan tíma til leiks og skapandi starfs. Unnið er með hverjum árgangi samkvæmt sérstakri námskrá sem sniðin er að þörfum og sérstöðu hvers aldurshóps.

Daglegar venjur eins og móttaka og brottför, samverustundir, matmálstímar, hvíld, útivera og hópastarf mynda mikilvægan hluta af leikskóladeginum. Áhersla er lögð á að taka vel á móti börnunum og tryggja rólega stemningu við lok dags. **Fataherbergið** er vettvangur sjálfstæðis barna og samskipta við foreldra, þar sem þau læra smám saman að sjá um fatnað sinn og hjálpa hvert öðru.

Í Klöppum eru **matmálstímar** nýttir sem tækifæri til að efla sjálfstæði nemenda og félagslega færni. Í morgunmat og síðdegishressingu eru barnastýrðir matmálstímar þar sem nemendur velja hvar þau sitja og hvenær þau fara að borða, innan ákveðins ramma. Nemendur skammta sér sjálfir, smyrja brauð og nota áhöld eftir getu og þau ákveða hvenær þau telja sig hafa lokið við að borða. Að lokinni máltíð ganga þau frá borðbúnaði og afgangum í lífrænt rusl. Kennarar skapa rólegt og skipulagt umhverfi þar sem nemendur fá tíma til að borða á eigin hraða. Matur og áhöld eru aðgengileg og kennarar eru fyrirmyndir í jákvæðu viðhorfi til matar og borðhalds. Þannig læra nemendur smám saman að þekkja eigið magamál, bera ábyrgð á þátttöku sinni og njóta samveru í matmálstímum.



Nægjanlegur og reglulegur **svefn** og góð hvíld er öllum börnum nauðsynleg, ekki síst fyrstu ár ævinnar þegar vöxtur og þroski er hvað örastur. Svefn- og hvíldartímar eru því nauðsynlegir í leikskólanum til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan barnanna. Hvíld er róleg stund þar sem nemendur hvílast. Sumir sofa, aðrir dunda, enn aðrir hlusta eða hugsa.

Leikskólakennarinn gegnir lykilhlutverki í **leik** nemenda með því að fylgjast með, vera til staðar og styðja þá á forsendum þeirra. Návistin veitir börnum öryggi og stuðning, og kennarinn gætir þess að hvert barn fái viðfangsefni við hæfi, njóti félagslegra tengsla og einangrist ekki í leik. Rannsóknir sýna að börn dvelja að öllu jöfnu lengur við leik og störf ef leikskólakennari er nálægur (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023; Broström, 2017).



Nemendur í Klöppum fá margvísleg tækifæri til að njóta **samverustunda** og gleðjast með öðrum. Í slíkum stundum skapast rými fyrir samræður sem byggja á opnum spurningum, þar sem nemendur eru hvattir til að setja fram eigin skoðanir og færa rök fyrir máli sínu. Hópsöngur er fastur liður í samverustundum og stuðlar að samkennd og gleði. Þá eru samverustundir nýttar til að efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda, meðal annars með því að hvetja þá til að koma fram fyrir hópinn, lesa, segja frá eða sýna verk sín. Í Klöppum er jafnframt lögð áhersla á að samverustundir geti veitt ró og jafnvægi í dagsins önn, þar sem nemendur fá kærkomið tækifæri til að slaka á og njóta kyrrðar. Samverustundir þróast í takt við aldur og þroska nemenda, hjá yngstu börnum er megináherslan á öryggi og festu, en eftir því sem þau eldast færast áherslurnar yfir í frásögn, hlustun, lýðræði og aukna ábyrgð.

**Útivera** er órjúfanlegur hluti starfsins þar sem nemendur fá tækifæri til hreyfingar, leikja og rannsókna í fjölbreyttu umhverfi. Leikvöllur og næsta umhverfi skólans er nýtt til náttúruskoðunar, gönguferða og leikja sem efla þekkingu, líkamlega færni og umhverfisvitund. Vettvangsferðir og heimsóknir á menningarstofnanir og aðrar opinberar stofnanir, svo sem bókasafn, sundlaug eða slökkvilið, víkka sjóndeildarhring nemenda og styrkja tengsl þeirra við nærsamfélagið.

Hópleikir og **hópastarf** eru mikilvægir þættir í leikskólastarfi. Í gegnum þátttöku í hópnum læra nemendur smám saman að leika sér og starfa með öðrum. Í hópi jafnaldra öðlast nemendur fjölbreytta félagslega reynslu og fá tækifæri til að láta til sín taka, sýna frumkvæði, leika sér og starfa og deila gleði með öðrum. Í hópleikjum læra nemendur gildi samvinnu og þroska með sér samkennd og ábyrgðartilfinningu. Leikskólinn tekur jafnframt tillit til þarfa hvers og eins nemanda svo hann fái notið sín í hópi annarra á eigin forsendum.

Í Klöppum er lögð áhersla á að tengja SMT-skólafærni við réttindafræðslu Barnasáttmálans. **Réttindi barna** samkvæmt Barnasáttmálanum fela ekki aðeins í sér frelsi og tjáningu, heldur líka rétt þeirra til að búa við skýr mörk, fyrirsjáanleika og vernd. SMT styður við þetta með aðferðum sem byggja á jákvæðri hvatningu, skýrum reglum og samræmdum viðbrögðum. Þegar börnum eru sett mörk á yfirvegaðan og virðingarfullan hátt fá þau leiðsögn í því hvernig lifa á með öðrum, læra að virða mörk annarra og skilja að réttindi þeirra geta takmarkast af réttindum annarra.

Réttindaspjöldin Réttindi í daglegu starfi eru sýnileg á öllum deildum og víða innan skólans, bæði fyrir starfsfólk og foreldra. Með þeim er markmiðið að samræma vinnulag og samþætta áherslur skólans á heildrænan hátt (sjá fylgiskjöl).

unicef   
fyrir öll börn

RÉTTINDA  
SKÓLI

## Réttindi í daglegu starfi Matartímar

Við bjóðum upp á hollan og fjölbreyttan mat

Börnin eru með í ráðum við gerð matseðils

Við hvetjum börnin til að smakka allan mat

Við virðum skoðanir barnanna t.d ef þau vilja ekki smakka

Við hlustum á hvert annað og skiptumst á að hafa orðið

Við hvetjum börnin til sjálfshálpar og veitum leiðsögn í samræmi við aldur og þroska

Við sjáum til þess að allir fái notið matartímans með því að skapa rólegt og gott andrúmsloft





# Sjónarhorn barna í Klöppum

---

Hvað æfir þú þig í að gera sjálf/ur í leikskólanum:

- Perla, teikna og klæða mig
- Ekki bíta og klæða mig sjálfur
- Púsla og klæða mig í útiföt
- Drekka apadjús og leika mér með bíla
- Teikna og lita



## Stoðþjónusta í Klöppum

Nemendur eru eins ólíkir og þeir eru margir; þeir búa yfir mismunandi getu, reynslu og þroska sem endurspeglast í ólíkum styrkleikum og þörfum. Í Klöppum er lögð áhersla á að allir nemendur fái þann stuðning sem þeir þurfa til að þroskast og dafna á eigin forsendum.

Stoðþjónustan fer fram á fjölbreyttan hátt: inni á deildum, í litlum hópum eða einstaklingslega, og þegar þörf krefur í sérstöku stoðherbergi, Laupi, eða öðrum rýmum þar sem meira næði gefst.

Grunnur stoðþjónustu í Klöppum byggir á tveimur meginstefnum: Skóla fyrir alla og snemmtækri íhlutun. Í Skóla fyrir alla er fjölbreytileiki nemendahópsins metinn sem styrkur og leitast við að skapa aðstæður þar sem hver nemandi finnur að hann á sinn sess í hópnum. Snemmtæk íhlutun felur í sér að gripið er strax inn í þegar merki um frávik í þroska eða færni koma fram, í nánú samstarfi við foreldra, með það að markmiði að styðja nemendur áður en erfiðleikarnir verða meiri.

Til að greina þarfir nemenda eru notuð fjölbreytt mats- og skimunartæki, svo sem EFI-2 málþroskaskimun, AEPS færnimatskerfið, AAL-listinn, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn, Orðaskil og HLJÓM-2. Niðurstöður slíkrar skimunar nýtast til að ákveða næstu skref og hvort þörf sé á einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrár taka mið af námsþörfum hvers og eins, byggja á styrkleikum og áhugasviði nemenda og gera þeim kleift að taka virkan þátt í starfinu á eigin forsendum. Þær stuðla jafnframt að samræmi í kennslu og þjálfun þar sem allir sem koma að starfinu vinna eftir sömu markmiðum.

Stoðþjónustan byggir á nánú samstarfi við foreldra sem eru upplýstir um hvert skref í ferlinu og fá ráðgjöf, stuðning og fræðslu eftir þörfum. Ef áhyggjur vakna af nemanda er fyrst rætt við foreldra og síðan unnið í sameiningu að lausnum. Við gagnasöfnun er notast við skráningar, viðtöl, matstæki og aðrar aðferðir sem gefa heildstæða mynd af stöðu nemandans.

# Farsæld barna

Samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) eiga börn og fjölskyldur þeirra rétt á að fá þjónustu við hæfi á réttum tíma. Lögin tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Þjónustan á að vera samhæfð og aðgengileg, þannig að börn og foreldrar fái rétta aðstoð frá réttum aðilum þegar þörf er á.

Í leikskólanum Klöppum hefur hvert barn og fjölskylda þess aðgang að tengilið sem styður þau í samskiptum við leikskólann og aðra þjónustuaðila eftir þörfum.

Nánari upplýsingar um tengilið leikskólans, farsældarlögin og þjónustu samkvæmt þeim má finna á heimasíðu Klappa eða á [farsaeldin.is](http://farsaeldin.is).

“Farsæld: Aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar.”  
(Farsæld barna, e.d.)





# Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)

Í Klöppum leggjum við ríka áherslu á að styðja vel við nemendur sem eiga annað móðurmál en íslensku eða alast upp í fjöltyngdu umhverfi. ÍSAT stendur fyrir Íslenska sem annað tungumál og er sérhæfð málörvun og stuðningur sem nemendur fá þegar annað eða báðir foreldrar koma frá öðru landi en Íslandi. Markmiðið með ÍSAT-kennslunni er að efla íslenskukunnáttu nemenda svo þeir geti notið leikskólastarfsins og samskipta við önnur börn og starfsfólk á sem bestan hátt. Staða hvers nemanda er metin með viðeigandi matstækjum og áherslur í málörvun ákveðnar í samráði við foreldra. Innan skólans starfar kennari sem er tengiliður leikskólans við fræðslu- og lýðheilsusvið. Tengiliðurinn heldur einnig utan um skipulag ÍSAT-kennslu innan skólans og er tengiliður við foreldra nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn.

Í Klöppum viljum við að öll tungumál nemenda og fjölskyldna séu sýnileg og viðurkennd. Þegar nemendur upplifa að móðurmál þeirra hafi gildi í leik og námi styrkir það sjálfsmynd þeirra, tilfinningu fyrir að tilheyra og virðingu fyrir fjölbreytileikanum í hópnum. Eitt af verkfærum okkar er „Málhljóð vikunnar“. Þá vinnum við með ný orð sem byrja á tilteknu málhljóði og jafnframt er kynnt orð á því tungumáli sem nemendur og starfsmenn deildarinnar tala. Með þessum hætti fá nemendur tækifæri til að deila eigin tungumáli og allir kynnast nýjum orðaforða á ólíkum málum.

Þannig stuðlum við að jákvæðu viðhorfi til tungumála og leggjum grunn að virðingu fyrir fjöltyngi og menningarlegum margbreytileika í skólasamfélaginu



# Foreldrasamstarf

Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna, og hlutverk leikskólans er að styðja við það. Mikilvægt er að byggja upp náið samstarf og gagnkvæmt traust milli heimilis og leikskóla. Í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023) kemur fram að samstarf við foreldra eigi að miða að því að veita upplýsingar, stuðla að þátttöku og skapa vettvang fyrir samskipti og skoðanaskipti um uppeldi.

Samstarf heimilis og leikskóla hefst áður en nemandi byrjar í leikskóla. Leikskólastjóri og leikskólakennari kynna leikskólann og starfsemi hans fyrir foreldrum. Þar er farið yfir Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, uppeldisstefnu skólans og aðrar stefnur, auk húsakynna, efniviðar og leiksvæða. Framhald kynningar á deildarstarfi er í höndum deildarstjóra.

## Dagleg samskipti

Dagleg samskipti eiga að einkennast af vilja til samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum nemenda, foreldra, kennara og annars starfsfólks. Starfsfólk leggur sig fram við að miðla upplýsingum um atburði dagsins. Foreldrar hafa jafnframt aðgang að skráðum upplýsingum um daglegt líf, svo sem matartíma og hvíld, í gegnum samskiptaforrit. Reglulega er foreldrum og aðstandendum boðið í heimsókn í leikskólann, t.d. í tengslum við sýningar og leikskólahátíðir. Heimsóknardagar eru boðaðir með góðum fyrirvara og auglýstir á mánaðardagatali deilda.

## Upplýsingar

Leikskólinn heldur úti heimasíðu með helstu upplýsingum um starfið, auk upplýsinga á heimasíðu Akureyrarbæjar sem varða leikskólastarf bæjarins. Klappir gefur út skóladagatal og regluleg fréttabréf, og hver deild sendir frá sér mánaðardagatal og vikulegan upplýsingapóst.

Foreldrar eru hvattir til að spyrjast fyrir um starfið og leikskólagöngu nemenda sinna. Mikilvægt er að þeir láti kennara vita ef breytingar verða á högum barnsins eða fjölskylduaðstæðum. Innan veggja leikskólans gildir trúnaður, bæði meðal starfsmanna og þeirra sem sækja skólann.

## Samtöl

Í reglubundnum samtölum foreldra og leikskólakennara skapast tækifæri til markvissra samræðna um líðan, þroska og nám nemenda, bæði heima og í leikskólanum. Mikilvægt er að kennarinn fái heildstæða mynd af þroska og stöðu nemandans strax í upphafi skólagöngu. Foreldrum er ætíð gefinn kostur á að ræða við kennara um hagi nemandans þegar þeir óska og eiga jafnframt rétt á að fá upplýsingar um stöðu og líðan hans í leikskólanum. Formleg foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á skólaárinu, en auk þess er ávallt hægt að óska eftir viðtali þegar þörf krefur.

## Aðlögun

Í upphafi leikskólagöngu þarf að gefa nemendum góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Áður en nemandi byrjar í leikskólanum er foreldrum/aðstandendum boðið í aðlögunarsamtal þar sem þeir og komandi deildarstjóri skiptast á mikilvægum upplýsingum og undirbúa upphaf leikskólagöngunnar. Í Klöppum er notast við þátttökuaðlögun sem byggir á þeirri hugmynd að nemendur og foreldrar/aðstandendur kynnist saman nýjum aðstæðum og umhverfi leikskólans í sameiningu, frekar en að aðlögunin snúi eingöngu að aðskilnaði. Jákvæð upplifun foreldra/aðstandenda af þátttökuaðlögun hefur bein áhrif á öryggi og vellíðan nemenda. Við þátttökuaðlögun er gert ráð fyrir að eitt foreldri eða einn aðstandandi fylgi nemandanum alla dagana og taki fullan þátt í daglegu starfi leikskólans, þar með talið umönnun hans. Þannig gefst starfsfólki tækifæri til að kynnast nemendum og foreldrum/aðstandendum vel. Aðlögunin tekur að jafnaði tvo til fjóra daga og foreldrar/aðstandendur eru með nemandanum allan tímann. Þannig skapast tækifæri til að kynnast starfsfólkinu, öðrum nemendum og daglegu starfi á deildinni. Með góðri aðlögun er lagður grunnur að öryggi og vellíðan nemandans og farsælu samstarfi heimilis og skóla.

## Foreldraráð


Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 skal starfa foreldraráð við skólann. Í ráðinu sitja að minnsta kosti þrjú foreldrar sem kosnir eru til eins árs í senn í september ár hvert.

Foreldraráðið setur sér starfsreglur og skólastjóra ber að starfa með því. Hlutverk ráðsins er að veita umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans, fylgjast með framkvæmd þeirra og kynningu fyrir foreldrum. Ráðið hefur jafnframt umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á skólastarfinu.

Starfsreglur foreldraráðsins má finna á heimasíðu leikskólans.

“Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir reynslu, viðhorfum, gildum og þekkingu hvorra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.”

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023)



## Foreldrafélag

Við leikskólann starfar foreldrafélag með að minnsta kosti fjögurra manna stjórn auk fulltrúa frá leikskólanum. Aðstoðarskólastjóri er tengiliður við félagið. Stjórnin fundar reglulega og ráðstafar félagsgjöldum, meðal annars í skemmtanir, námsefni og gjafir. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti. Nánari upplýsingar, þar á meðal starfsreglur félagsins, má finna á heimasíðu leikskólans.

## Samstarf skólastiga

Glerárskóli er formlegur vina-grunnskóli Klappa og þangað sækir stærstur hluti barna sem útskrifast héðan. Samstarf skólanna byggir á reglulegum fundum kennara beggja skólastiga og áætlun um heimsóknir og sameiginlegt starf á hverju skólaári. Kennarar elsta árgangs Klappa bera ábyrgð á skipulagi samstarfsins.

Markmið heimsókna og samvinnu er að gefa börnum innsýn í starf grunnskólans, styðja þau í aðlögun að nýju skólastigi og viðhalda tengslum við leikskólann. Þannig skapast einnig vettvangur fyrir kennara til að miðla upplýsingum og ræða saman um þarfir barnanna.

Í samstarfinu taka þátt elsti árgangur leikskólans, 1. bekkur og 6. bekkur Glerárskóla. Auk þess eiga Klappir og Glerárskóli í ýmiss konar samstarfi sem ekki er bundið við tiltekinn aldurshóp, heldur þróast eftir aðstæðum og tækifærum hverju sinni.



# Sjónarhorn barna í Klöppum

---

## Hvað gera kennarar:

- Að geyma krakka, að leika með snjó, fara út
- Þeir strauja og fara á trampólín og hjálpa
- Þeir passa upp á börn og passið að krakkarnir verði ekki í vandræðum. Og passa að krakkarnir meiðist ekki.
- Vinna
- Að hjálpa
- Hjálpa og hugga
- Fara í vinnustund
- Passa að dótið skemmist ekki
- Að fylgjast með öllum krökkunum
- Þeir láta börnunum líða vel, hjálpa börnum þegar þau meiða sig

„ Mat á starfsháttum, velferð og framförum skal vera óaðskiljanlegur þáttur í daglegu starfi skólanna og er ein af forsendum þess að skólastarf geti talist framúrskarandi.“  
(Akureyrarbær, 2020)

## Mat á skólastarfi



Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023) og menntastefnu Akureyrarbæjar ber leikskólum að meta reglulega gæði og árangur starfsins. Mat á skólastarfi á að vera stöðugt og kerfisbundið ferli sem miðar að umbótum, stuðlar að fagmennsku og lýðræðislegum vinnubrögðum og felur í sér þátttöku nemenda, foreldra og starfsfólks. Mat á skólastarfi á jafnframt að vera sýnilegt og aðgengilegt, þannig að foreldrar og samfélagið fái innsýn í starf leikskólans.

Við leikskólann Klappir starfar gæðaráð sem hefur það hlutverk að stýra innra mati skólans og fylgja eftir umbótum. Innra mat er fagleg ígrundun og kerfisbundin greining á gögnum um starfsemina með það að markmiði að þróa starfið áfram. Við framkvæmd matsins er stuðst við gæðaviðmið Akureyrarbæjar, sem skilgreina matsþætti og stuðla að samræmi og faglegum vinnubrögðum í leikskólum bæjarins. Í starfsáætlun gæðaráðs er nánar kveðið á um hvernig matið er framkvæmt, hver ber ábyrgð á einstökum matsþáttum, hvaða gögn eru notuð, hvernig þau eru unnin og á hvaða tímabili.

Við mat í Klöppum er annars vegar unnið með gögn sem varða innra starf leikskólans og skipulag þess og hins vegar gögn sem tengjast námi, líðan og þroska nemenda. Þannig er bæði horft til umbóta í faglegu starfi skólans og til þess hvernig mæta megi þörfum hvers nemenda á eigin forsendum. Námsmatshandbók Klappa veitir yfirsýn yfir námsmat í leikskólanum. Hún inniheldur skýringar á skimunar- og matstækjum, verkferlum og öðrum þáttum sem varða námsmat í leikskólanum.

Markmið þessa starfs er að tryggja að matið nýtist sem raunverulegur grunnur að umbótum og leiði til stöðugar þróunar í skólastarfinu. Á heimasíðu leikskólans má finna skýrslur innra mats og langtímaáætlun.



## Mannauður og forystusýn

Í Aðalnámskrá leikskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2023) er lögð áhersla á að leikskólastarf byggi á samstarfi, frumkvæði og fagmennsku og að skólinn þróist sem lærdómssamfélag. Sama áhersla birtist í menntastefnu Akureyrarbæjar (2020), þar sem framúrskarandi starfshættir, fagleg forysta og sameiginleg ábyrgð starfsfólks eru nefnd sem lykilatriði til að tryggja gæði skólstarfs.

Í Klöppum er mannauðurinn talinn mikilvægasta auðlind skólans. Litið er á það sem grundvallaratriði að allt starfsfólk fái tækifæri til að nýta styrkleika sína og vaxa í starfi. Við leggjum áherslu á að skapa jákvæða vinnustaðamenningu sem einkennist af einkunnarorðum skólans: gleði, trausti og virðingu. Til að styðja við þetta mótaði starfsfólkið samskiptasáttmála Klappa sem skilgreinir sameiginleg viðmið um samskipti og fagmennsku. Hann á við um öll samskipti í skólanum, við börn, foreldra, samstarfsaðila og starfsfólk, og er mikilvægur hornsteinninn í vinnustaðamenningu leikskólans (sjá fylgiskjöl).

“Stjórnun skóla einkennist af samvinnu, þátttöku, trausti og virðingu í samskiptum við alla aðila skólasamfélagsins. Stjórnun byggir á lýðræðislegu samstarfi við börn, fjölskyldur og starfsfólk.”  
(Akureyrarbær, 2020)

Forystuhættir í Klöppum byggja á hugmyndum um dreifða forystu og lærdómssamfélag (Hord, 2004; Bolam o.fl., 2005). Við vitum að góð samskipti, styðjandi starfsandi og tækifæri til faglegs þroska eru lykilþættir í starfsþróun og starfsánægju (Sergiovanni, 2009; Hipp og Huffman, 2003). Við vitum líka að skólar sem leggja áherslu á dreifða forystu og lærdómssamfélag ná betri árangri í faglegri þróun starfsfólks (Hord, 2004). Í Klöppum er áhersla lögð á að ábyrgð og ákvarðanataka dreifist meðal starfsmanna þannig að raddir allra fái vægi og að þau sem starfa í leikskólanum upplifi sig sem virka þátttakendur í mótun starfsins. Með því er stuðlað að faglegri þróun, gagnsæi og aukinni starfsánægju.

Enginn starfsmaður býr einn yfir allri þeirri hæfni sem þarf til að mæta ólíkum þörfum barna. Því er teymisvinna í brennidepli í Klöppum. Hvert teymi setur fram starfsáætlanir þar sem markvisst er unnið að umbótum og markmiðum og allir hafa sitt hlutverk. Í teymunum eru tilgreindir teymisstjóri, fundarritari og tímavörður og í fundargerðum er skráð hver ber ábyrgð á framkvæmd, hvaða tímaramma á að fylgja og hvernig endurmat fer fram. Teymisvinnan er þannig studd með skýru skipulagi, reglulegum fundum og sameiginlegum viðmiðum. Áhersla er lögð á traust, virðingu og jákvæða samvinnu sem grunn að árangursríku starfi (Lencioni, 2002).

Eitt lykilhugtak í þessu samhengi er sálfræðilegt öryggi. Til að teymisvinna og faglegur þroski geti blómstrað er nauðsynlegt að starfsfólk upplifi að það geti deilt hugmyndum, sett fram spurningar og gert mistök án ótta við gagnrýni eða refsingar. Í Klöppum er markvisst unnið að því að skapa slíkt öryggi. Þannig verða samskipti opnari og starfsfólk öruggara að prófa nýjungar, læra af reynslu sinni og axla ábyrgð, sem styrkir það í starfi og eykur sjálfstraust þess.

Hlutverk skólastjóra í lærdómssamfélagi er að leiða umbætur og skapa aðstæður þar sem starfsfólk og teymi geta blómstrað. Það felur m.a. í sér að styðja teymi við að móta sameiginlega sýn, þekkingu og starfshætti, útvega þeim viðeigandi verkfæri, þjálfun og stuðning (DuFour & Marzano, 2009). Skólastjórinn þarf jafnframt að rækta jákvætt andrúmsloft í skólanum og leggja grunn að sálfræðilegu öryggi starfsmanna þar sem opnar og heiðarlegar umræður eiga sér stað, ólíkar skoðanir fá rými og sameiginlegar niðurstöður verða til (Ackerman & Mackenzie, 2006). Forysta í Klöppum byggir á stjórnskipulagi sem setur umbætur á oddinn, valdeflir kennara og starfsfólk sem umboðsmenn breytinga og skapar starfsumhverfi sem styður tengslamyndun, samvinnu og faglega þróun sem að endingu stuðlar að velferð og vellíðan nemenda (DuFour & Fullan, 2013; Hargreaves & Fullan, 2012).



# Heimildaskrá

- Akureyrarbær. (2020). Menntastefna Akureyrarbæjar: Með heiminn að fótum sér. Sótt 26. september 2025 af <https://www.akureyri.is>
- Alþingi. (2008). Lög nr. 90/2008 um leikskóla. Sótt 26. september 2025 af <https://www.althingi.is>
- Alþingi. (2021). Lög nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Sótt 26. september 2025 af <https://www.althingi.is>
- Barnaheill – Save the Children á Íslandi. (n.d.). Vinátta – Forvarnarverkefni gegn einelti. Sótt 26. september 2025 af <https://www.barnaheill.is>
- Broström, S. (2017). A dynamic learning concept in early years' education: A possible way to prevent schoolification. *International Journal of Early Years Education*, 25(1), 3–15. <https://doi.org/10.1080/09669760.2016.1270196>
- DuFour, R., & Fullan, M. (2013). *Cultures built to last: Systemic PLCs at work*. Solution Tree Press.
- DuFour, R., & Marzano, R. J. (2009). High-leverage strategies for principal leadership. *Educational Leadership*, 66(5), 62–68.
- Embætti landlæknis. (n.d.). Heilsueflandi leikskóli. Sótt 26. september 2025 af <https://www.landlaeknir.is>
- Hargreaves, A., & Fullan, M. (2012). *Professional capital: Transforming teaching in every school*. Teachers College Press.
- Hipp, K. K., & Huffman, J. B. (2003). *Professional learning communities: Initiation to implementation*. Scarecrow Press.
- Landvernd. (n.d.). Grænfáninn – Skóli á grænni grein. Sótt 26. september 2025 af <https://landvernd.is>
- Lencioni, P. (2002). *The five dysfunctions of a team: A leadership fable*. Jossey-Bass.
- Lubbi finnur málbein. (n.d.). Sótt 26. september 2025 af <https://lubbi.is>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023). Aðalnámskrá leikskóla (endurskoðuð útg.). Sótt 26. september 2025 af <https://www.stjornarradid.is>
- Menntamálastofnun. (n.d.). EFI-2: Málþroskaskimun. Sótt 26. september 2025 af <https://mms.is>
- Menntamálastofnun. (n.d.). HLJÓM-2: Athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna. Sótt 26. september 2025 af <https://mms.is>
- Menntamálastofnun. (n.d.). Íslenski þroskalistinn (ÍTL) og Smábarnalistinn. Sótt 26. september 2025 af <https://mms.is>
- Ráðgjafar- og greiningarstöð. (2024). Reynslan af AEPS-2 færnimatslista í leikskólum. Sótt 26. september 2025 af <https://rgr.is>
- Sergiovanni, T. J. (1994). *Building community in schools*. Jossey-Bass.
- UNICEF Ísland. (n.d.). Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna – Réttindi barna. Sótt 26. september 2025 af [Heading](#)

Fylgiskjöl

# SAMSKIPTASÁTTMÁLI

GLEÐI - TRAUST - VIRÐING

- VIÐ TILEINKUM OKKUR JÁKVÆTT OG VINGJARNLEGT VIÐMÓT
- VIÐ ERUM SVEIGJANLEG, ÁREIÐANLEG OG ÁBYRG Í STARFI
- VIÐ ERUM HEIÐARLEG, TILLITSSÖM OG STYÐJANDI Í SAMSKIPTUM
- VIÐ BJÓÐUM FRAM LEIÐSÖGN, VEITUM UPPBYGGILEGA ENDURGJÖF OG LEITUM RÁÐA
- VIÐ VIRÐUM FJÖLBREYTTILEIKANN OG ÓLÍKA STYRKLEIKA HVERS OG EINS
- VIÐ HLUSTUM Á ÓLÍK SJÓNARMÍÐ OG TÖKUM TILLIT TIL ALLRA VIÐ ÁKVARÐANATÖKU
- VIÐ HVETJUM TIL FRUMKVÆÐIS, ÞÁTTTÖKU OG VINNUM SAMAN Í TEYMI
- VIÐ SINNUM STÖRFUM OKKAR AF FAGMENNSKU OG SAMVISKUSEMI


## Réttindi í daglegu starfi Samverustund

- Í samverustund gefst barninu möguleiki á að læra nýja hluti útfrá eigin áhugahvöt sem og námssviðum aðalnámskrár leikskóla
- Börnin eru virkir þátttakendur í samverustund og hafa áhrif á hvert viðfangsefni
- Við fræðum börnin um réttindi, fjölbreytileika og Barnasáttmálann með markvissum hætti
- Við tryggjum að allir fái að tjá sig þegar því er við komið en gætum þess að einn tali í einu
- Við gefum öðrum næði með því að hvert barn eigi sitt svæði og hafi hendur og fætur hjá sér
- Við sýnum hvert öðru virðingu og tillitssemi og hlustum á þann sem hefur orðið
- Við hvetjum börnin til að koma fram, tjá sig og setja sig í spor annarra



## Réttindi í daglegu starfi Leikur

- Leikur er meginnámsleið barna, þar öðlast þau nýjan skilning, færni og þekkingu.
- Leikurinn er ráðandi í öllu starfi leikskólans
- Við skiptum deildinni í leiksvæði, börnin velja á hvaða svæði þau vilja leika og hversu lengi
- Fjölbreytt leikefni er í boði
- Við erum til staðar, höfum auga með leiknum og félagslegum samskiptum barnanna
- Við hvetjum börnin til þátttöku í leik og erum ýmist áhorfendur eða þátttakendur allt eftir þörfum hverju sinni




## Réttindi í daglegu starfi Hvíld

- Daglega er hvíldarstund þar sem börnin hvílast eða sofa eftir því hvað er best fyrir barnið
- Við tryggjum að börnin upplifi sig örugg í hvíldarstundinni, gefum okkur að börnunum og bjóðum þeim að hafa teppi, kodka, snuð (ef við á) og bangsa að heiman
- Við gefum öðrum næði í hvíld með því að hafa hljótt og sköpum þannig notalega stemningu meðan hlustað er á rólega sögu eða tónlist



## Réttindi í daglegu starfi Fataherbergi útivera

- Húsnæði og útisvæði taka mið af ólíkum þörfum barna til leiks og náms
- Daglega er útivera svo lengi sem veður eða aðstæður ógni ekki heilsu og líðan barnanna
- Við bjóðum börnunum val um auka útiveru sé því við komið
- Við hvetjum til félagslegra samskipta í útiveru og aðstoðum við lausn vandamála sem upp koma í barnahópnum
- Við hvetjum börnin til að sýna sjálfstæði
- Við gefum börnunum ákveðið val um fatnað en tryggjum að börnin séu hlý og þurr í útiveru
- Við höfum fá börn í fataherberginu í einu svo hvert barn fái tíma og aðstæður til að athafna sig
- Við gætum þess að hvert barn haldi sig á sínu svæði svo önnur börn geti athafnað sig í fataherberginu
- Við hugum að biðtíma og að börnin komist sem fyrst út eftir að þau eru klædd
- Við erum til staðar, hvetjum börnin áfram og styðjum við þau



- Við tökum tillit til ólíkra þarfa barna
- Við fræðum börnin um réttindi, fjölbreytileika og Barnasáttmálann
- Við hvetjum börnin til að orða hugsanir sínar og skoðanir, tökum tillit til þeirra og höfum börnin með í ráðum
- Við gefum okkur að börnunum, sýnum þeim áhuga og erum góðar fyrirmyndir
- Við hvetjum börnin til að bera virðingu fyrir hvert öðru, setja sig í spor annarra og virða réttindi allra
- Við veitum því athygli ef við teljum að barni líði ekki vel og bregðumst við
- Við leiðbeinum börnunum við lausn vanda í samskiptum en hvetjum þau jafnframt til að leysa málin sjálf
- Við gefum jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti, gefum skýr fyrirmæli og samræmum viðbrögð við óæskilegri hegðun
- Við sjáum til þess að allir fái notið sín í leikskólanum með því að skapa eins rólegt og gott andrúmsloft og unnt er

